



## Æskulýðsstarf hestamannafélagsins Funa, Eyjafjarðarsveit

Nefndin fundaði þann 9. apríl og voru þá lagðar línurnar fyrir komandi starfsár. Sú hefð hefur myndast að hefja starfið með pizzakvöldi fyrir krakkana og foreldra þeirra, til að kynna okkar hugmyndir og fá skoðanir foreldra. Var það gert 15. apríl og fórum við líka í leiki til að hrista hópinn saman. TREC starfinu okkar var haldið áfram af krafti og annað hefðbundið starf var svo á sínum stað; Teymt var undir börnum á sumardegnum fyrsta og á handverkshátíðinni, byrjendareiðnámskeið var 27.-29. júní og að sjálfstöðu æskulýðsdagarnir góðu þriðju helgina í júlí. Í ár vorum við einnig svo heppin að fá Þorstein Björnsson reiðkennara til að koma til okkar tvær helgar og bjóða unga fólkinu einkakennslu. Allt var þetta þáttakendum að kostnaðarlausu.

### Sumardagurinn fyrsti

Sumardagurinn fyrsti var að venju haldinn hátíðlegur á Melgerðismelum þar sem handverk, húsdýr, vélar og tæki voru til sýnis. Fjöldi manns sækir þennan viðburð árlega og fær sér bita af hinu víðfræga hlaðborði Funamanna. Mesta lukku, allavega hjá yngri kynslóðinni, vekja þó hestarnir góðu sem notaðir eru til að teyma undir minnstu gestunum. Unglingarnir okkar taka alltaf virkan þátt í þessari skemmtun og skiptast á að hjálpa til við að teyma undir og eru þau alltaf jafn dugleg og ábyrg.

### TREC



TREC kennsla hófst 19. maí með kennslu fyrir unglunga og ungmenni sem hafa áður verið í TREC. Um var að ræða opna tíma, reglulega yfir sumarið, þar sem kennari var á staðnum og hjálpaði þeim sem mættu til að æfa sig. Einn bóklegur tími var haldinn til að fara yfir reglubreytingar og nýjar þrautir sem bæst hafa við þrautalista FITE. Helgina 22.-23. júlí var svo, líkt og í fyrra, haldið TREC mót í fullri lengd. Keppt var í unglunga- og ungmennaflokki. Fyrri daginn var þrautakeppni og gangtegundakeppni en seinni daginn var víðavangsrattleikur þar sem riðin var 25 km leið. Í fyrra voru keppendur tveir og tveir saman í rattleiknum en í ár sendum við þau af stað eitt í einu með 10 mín. millibili.

## Reiðnámskeið með Þorsteini Björnssyni



Þorsteinn Björnsson kom til okkar tvær helgar og bauð upp á einkakennslu fyrir krakkana og flestir nýttu sér það til fulls og fengu þá hálf tíma kennslu tvisvar á dag þessa 4 daga sem Steini kom til okkar. Krakkarnir voru mjög ánægð með kennsluna og gaman að fylgjast með framförum þeirra með hestana sína og við þurfum endilega að fá Steina aftur til liðs við okkur.

## Byrjendareiðnámskeið



27.-29. júní var haldið ókeypis reiðnámskeið fyrir byrjendur, og var það heldur betur sótt en undanfarin ár. Líklega býður þessi dagsetning upp á metþátttöku en troðið var nemendum inn á námskeiðið eins og hægt var og endaði eldri hópurinn með 7 nemendum og sá yngri með 8 nemendum. Venjulega eru aðeins 6 í hvorum hóp en sem betur fer var hægt að redda hestum fyrir alla. Fengu báðir hópar námskeiðsins að enda á stuttum reiðtúr, eftir að hafa lært að stjórna hestunum sínum inni í rétt fyrst.

## Æskulýðsdagar norðurlands



Æskulýðsdagarnir okkar eru án efa stærsti viðburðurinn sem nefndin tekur sér fyrir hendur en þá þurfa allir að taka höndum saman til að setja saman dagskrá sem nær yfir heila helgi, þriðju helgina í júlí. Fyrirkomulagið var með svipuðu sniði og venjulega. Ratleikur á hestum á föstudagskvöldinu þar sem skipt var í lið sem þurftu að leysa ýmsar þrautir, m.a. setja saman reiðtygi, leita að ávöxtum í skóginum og svara hestatengdum spurningum. Laugardagurinn byrjaði á þrautabraut sem haldin var á TREC svæðinu okkar. Um miðjan dag var svo farið í fjölskyldureiðtúr og borðað nesti sem kom með trússbílnum. Kvöldið endaði með grillveislu og varðeldi þar sem grillaðir voru sykurpúðar og svo tekið duglega á því í löggu og bófa í skóginum.



Sunnudagurinn byrjaði á keppnisgrein sem fram fór í reiðskemmumni og snerist um að safna saman hringjum sem búið var að raða á tunnur meðfram sporaslóðinni. Markmiðið var að vera sem fljótastur að safna saman öllum hringjunum en tími tapaðist fyrir hvern hring sem ekki var komið með í mark. Helgin endaði svo á frjálslægri hringvallarkeppni með útsláttarfyrirkomulagi, þ.a. það var eitthvað við allra hæfi þessa helgi. Öllum félögum á norðurlandi er boðið að taka

þátt í þessari helgarskemmtun, allt krökkunum að kostnaðarlausu, en fyrirtæki á Akureyri hafa styrkt okkur um mat og verðlaun. Þáttakendur komu að þessu sinni frá Funa og Þjálfa.

## Handverkshátíðin

9. -12. ágúst var teymt undir börnum á handverkshátíðinni á Hrafnagili en félögin í sveitinni taka þar höndum saman og vinna óeigingjarnt starf til að gera hátíðina að þeirri skemmtun sem hún er.

Við göngum sátt frá verkefnum sumarsins þar sem gert var mjög vel við unga fólkið okkar og einnig næg tækifæri fyrir þá sem ekki hafa aðgang að hestum heima hjá sér að komast í kynni við hestamennsku. TREC er á góðu róli hjá okkur og höldum við ótrauð áfram að fylgjast með því sem er í gangi hjá FITE og þróa þetta hjá okkur.

Fyrir hönd barna- og unglíngaráðs Funa  
Anna Sonja Ágústsdóttir, formaður nefndarinnar.

Barna- og unglíngaráð Funa er þannig skipað 2018-2019:



Anna Sonja Ágústsdóttir, Hólum, formaður  
Gunnhildur Erla Þórisdóttir, Rifkelsstöðum  
Sara Arnbro, Ysta-Gerði  
Freyr Ragnarsson, Uppsölum  
Elín Margrét Stefánsdóttir, Fellshlíð